



Reykjavíkurborg

Ég get, sjáðu mig!



Hildur Lilja Jónsdóttir leikskólastjóri Laufskála

Gyða Rós Flosadóttir verkefnastjóri leiklistar

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	4
4. Mat á verkefninu.....	4
5. Greinargerð um notkun styrkfjár	5
6. Kynning.....	6

1. *Inngangur*

Ég get, sjáðu mig er leiklistarstarf í leikskóla. Verkefninu er fyrst og fremst ætlað að styrkja börn til tjáningar. Skapandi starf og framkoma eru okkar helstu verkfæri. Við leitumst við að fanga hugmyndir barnanna og opna hug þeirra í átt til leiklistar og sköpunar sem tjáningarforms. Leiklist í Laufskálum hefur mismunandi birtingarmyndir, allt frá smærri verkefnum upp í stærri sýningar. Leitast er við að allir taki þátt með einum eða öðrum hætti, hvort sem það er á sviði eða bak við tjöldin, öll hlutverk eru jafn mikilvæg.

Markmið okkar er að allur leikskólinn, börn, starfsfólk og foreldrar, komi með einu eða öðrum hætti að leiklistinni í leikskólanum.

Verkefninu er ætlað að svara spurningunni;

Stuðlar sjálfstjáning og skapandi starf að því að byggja upp einstaklinga með aukið sjálföruggi og sterkari sjálfsmynd ?

2. *Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd*

Skipulag og verkefni leiklistastundanna ár hvert eru útfærð með þeim hætti sem hentar leikskólanum. Verkefni sem boðið er upp á eru fjölbreytt og má þar nefna, sögulestur, handritsgerð, búningar, andlitsmálun, töfratöskur, ævintýri og margt fleira skemmtilegt. Skipulagið undanfarin ár hefur verið með þeim hætti að, tveir elstu árgangar leikskólans fara í skipulagðar leiklistastundir einu sinni í viku hjá leiklistarkennara. Tímanum er skipt upp í eitt til þrjú verkefni en það fer eftir umfangi verkefnis hverju sinni.

Í leiklistarstundum sem og í öllu okkar leikskólastarfi leggjum við áherslu á að, hlustað sé á raddir barnanna ásamt því að leggja áherslu á gagnrýna hugsun þeirra og lýðræði. Hver tími er fyrirfram ákveðin en getur breyst með áherslum og áhuga barnanna hverju sinni.



Sem dæmi má nefna, eitt árið völdu börnin að lesa um skrímli og skapa sína eigin skrímslapersónu. Annað verkefni sem börnin völdu var sjóræningjaratleikur, kennarinn bjó til ratleik og börnin leituðu að fjársjóðum um allan leikskólann. Í leiklist hefur líka verið lögð áhersla á að vinna með persónusköpun dæmi um slíkt verkefni var að skapa tásu persónur. Börnin fengu tækifæri til að skapa sína eigin persónu með því að teikna andlit á tásur. Börnin gáfu persónunni sinni nafn og kynntu hana fyrir hinum börnunum í hópnum. Lýsingar barnanna á persónum sínum voru skráðar niður af kennara bæði í myndum og texta.

Skuggaleikhús er orðið fastur liður í leiklistarverkefninu. Í skuggaleikhúsinu bregðum við á leik með hinar ýmsu skuggaverur. Eftir umræður kennarans við börnin í vetur, um hvað er í borgum eins og Reykjavík, spruttu fram skemmtilegar hugmyndir og að lokum ákváðu börnin að búa til draugaborg þar sem draugar og aðrar skuggaverur réðu ríkjum.

Leiksýningar eru líka stór hluti af leiklistarverkefninu okkar. Á nokkurra vikna fresti eru leiklistavinastundir í sal. Fyrir þær stundir æfa börnin á öllu deildum leikskólans atriði sem þau sýna



börnum og kennurum af öðrum deildum. Umfang atriðanna fer eftir aldri og áhugasviði barnanna hverju sinni en þau geta verið allt frá því að syngja lítið lag með einn fylgihlut yfir í stærri leiksýningu með sviðsmynd, búningum og andlitsmálningu. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leiklistarvinastund en sérstök hefð hefur verið fyrir því á Degi leikskólans í febrúar að bjóða foreldra sérstaklega velkomin í leiklistarvinastund. Gaman er að segja frá því að, nær þrjú hundruð manns hafa sótt þessar sýningar síðan þær byrjuðu.

Fastur liður í leiklistarverkefninu okkar eru líka þrjár leiksýningar fyrir börnin á hverjum vetri. Starfsfólkið setur upp eina sýningu. Foreldrar elstu barna eru með sýningu á sumarhátíðinni. Það má með sanni segja að báðar þessar sýningar hafa ár eftir ár slegið í gegn í barnahópnum. Fyrir jólin hefur leikskólinn og foreldrafélagið boðið upp á aðkeypta jólasýningu fyrir börnin.

Starfsfólk yngri deilda hefur að mestu leiti séð um leiklistartengd verkefni fyrir yngsta hópinn okkar. Fljótlega upp úr áramótum byrja þau að taka þátt í verkefninu sýna og sjá. Börnin skiptast á að fara heim með sýna og sjá töskuna, þau velja sér einn hlut til að fara með í leikskólann daginn eftir. Barnið kemur svo fram fyrir hópinn og sýnir hlutinn sinn og segir frá honum. Barnahópurinn fær tækifæri til að koma með spurningar og í lokin fá þau að skoða dótið. Þó svo að minna fari fyrir frásögn á þessum aldri æfa börnin sig í að koma fram fyrir hóp og vera miðpunkturinn. Barnahópurinn í heild þjálfast í að sitja og hlusta og sína þeim sem uppá sviði er virðingu. Mikil málörvun fer fram í þessum stundum og frábært tækifæri gefst til að hvetja börnin áfram í rétta átt hvað varðar raddbeitingu, orðaforða og máhljóð.

3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Verkefnið nýtist vel í öllu okkar starfi og hefur starfsfólk leikskólans nú fengið nokkuð góða fræðslu á ýmsum þáttum tengdum leiklist. Allir eru orðnir meðvitaðri um þátt leiklistar í daglegu starfi og erum við nú komin með ýmis verkfæri í hendurnar, ekki síst fyrir nýtt starfsfólk. Þau eru til dæmis hvött til að nota leikræna tjáningu og mismunandi blæbrigði við lestur bóka, allt er þetta hluti af leiklistarverkefninu og mikilvægur hluti af því að vera kennari í leiklistarleikskóla.

4. *Mat á verkefninu*

Starfsfólkið hefur margsinni fengið tækifæri til að koma með mat á verkefninu í formi svara við spurningum, Hvað er vel gert? Hvað má betur fara? Þá er hugmyndabanki leiklistar alltaf opin til innlagningar og úttektar. Myndbandsupptökur af börnunum að koma fram á sviði með nokkurra mánaðar millibili hafa sýnt merkjanlega árangur. Sjálfstæði, öruggi og gleði er áberandi meiri á seinni upptökum eftir leiklistarvinnu með barnahópnum.

5. Greinargerð um notkun styrkjár

Í upphafi fannst okkur mikilvægt að fá fjármagn til að eignast hluti í leiklistina, flott svið, hljóðkerfi, myndbandsupptökuvél, svo fátt eitt sé nefnt, sem að sjálfsgöðu hefur gagnast vel fyrir leiklistina. Eftir nokkra reynslu er það okkur öllum ljóst að mikilvægi kennarans er ómetanleg í leiklist eins og í öðru starfi í leikskólanum. Það getur reynst erfitt að samræma leiklistina í dagskipulagið en með því að hafa verkefnastjóra í leiklist skapast tækifæri til að vinna að markmiðum okkar og tryggja að allir njóti ferlisins. Annar kostur sem við sjáum við að hafa verkefnastjóra starfandi í leikskólanum er sá að hann þekkir starfsfólk leikskólans, börnin og foreldra þeirra og er í betri tengingu við starfssemi leikskólans þar með teljum við að hægt sé að auðga og dýpka verkefnið „Ég get, sjáðu mig!“ sem er í stöðugri þróun hjá okkur. Verkefnið hefur nú þegar fengið tvær viðurkenningar frá skóla- og frístundaráði. Það og hvatning foreldra hafa gefið okkur styrk og vissu um að leiklist með ungum börnum er stórkostlegt leikskólastarf!

Við kjósum því að nýta allt mögulegt fjármagn í verkefnastjórastöðu leiklistar. Verkefnið er hugsað til langs tíma og sem stefnumótandi námsaðferð á leikskólastiginu og er það okkur mjög dýrmætt að fá styrk inn í þetta verkefni.

Verkefnastjóri leiklistar í Laufskálum sér um skipulagningu og kennslu leiklistarstundar í leikskólanum, sér til þess að efniviður tengdur leiklist sé til ásamt því að sjá um áætlanir, mat og skýrslugerð sem tengist verkefninu. Verkefnastjóri er deildarstjórur innan handar við skipulagningu og uppsetningu ýmissa leiklistarviðburða. Hér má til gamans nefna útskriftarverkefni elstu barna núna í maí, en þetta er í fyrsta sinn sem leikskólinn hefur starfandi verkefnastjóra innan hús. Starfsfólk deildarinnar var sammála um að það hafi komið sér einstaklega vel að geta leitað til verkefnastjóra við útfærslu á atriðum barnanna. Börnin byrjuðu á að velja eftir áhugasviði hvað þau vildu gera fyrir útskriftina. Eftir það var þeim skipt í fjóra hópa og var einn kennari í hverjum hóp. Þrjú af atriðunum voru leiksýningar, einn fjöllistahópur og eitt sameiginlegt söngatriði. Annað sem starfsfólkið hafði orð á var að, það kom sér vel ef það vantaði starfsfólk á deildina dagana sem æfingar fóru fram, að verkefnastjóri sem

þekkti öll verkin, gat komið í stað starfsmannsins og haldið utan um æfingu hópsins í stað þess að æfing félli niður þann daginn.

6. *Kynning*

Nokkur áhugi er á verkefninu í leikskólasamfélaginu. Við höfum flutt fyrirlestra um verkefnið á nokkrum viðburðum má þar nefna á Stóra leikskóladeginum, leikskólaráðstefnu Skóla- og frístundasviðs, í félagi um skapandi leikskólastarf, félagi um sérkennslu í leikskólum sem og á öðrum leikskólum borgarinnar. Við höfum veitt ráðgjöf með einstaka liði verkefnisins og hefur sýna og sjá verkefnið verið vinsælt.

Hildur Lilja Jónsdóttir

Gyða Rós Flosadóttir